

Alþingi, nefndarsvið  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. desember 2015  
R2015110048/12.8.4

## Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld - 373. mál, þskj. 506.

Á Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (373. mál, þskj. 506). Ríkisskattstjóri hefur þann 30. nóvember 2015 móttengið tölvupóst þar sem veittur er kostur á að veita umsögn um frumvarpið. Af því tilefni vill ríkisskattstjóri koma á framfæri eftirfarandi umsögn.

### I.

#### Skattkort aflögð

Með frumvarpinu er lagt til að útgáfu skattkorta verði hætt en þess í stað hafi ríkisskattstjóri eftirlit með nýtingu persónuafsláttar hjá launamönnum og launagreiðendum og miðli rafrænt upplýsingum til hlutaðeigandi eftir því sem við á. Ríkisskattstjóri fagnar þessari tillögu enda hefur töluvert umstang fylgt umsýslu skattkorta bæði fyrir launagreiðendur og launamenn sem og starfsmenn ríkisskattstjóra. Skattkortin fylgdu upptöku staðgreiðslu opinberra gjalda 1. janúar 1988 og var þá eina úrræðið til að tryggja réttan persónuafslátt. Nú eru aðstæður allt aðrar með aukinni rafvæðingu og að mati ríkisskattstjóra er hér um að ræða mikið framfaraskref og leggur ríkisskattstjóri til að breytingin verði lögfest. Vegna þess hve skammt er til áramóta hefur ríkisskattstjóri í undirbúningi að hefja kynningu hjá helstu launagreiðendum fljótlega en með þeim fyrirvara að um sé að ræða frumvarp sem enn hafi ekki hlotið lögfestingu.

### II.

#### Flýting álagningar einstaklinga

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að álagningardegi einstaklinga verði flýtt um einn mánuð þannig að álagningu opinberra gjalda verði lokið um mánaðarmótin júní/júlí ár hvert. Það er álit ríkisskattstjóra að mikið hagræði verði af flýtingu álagningar. Birting álagningar um mánaðamót júlí/ágúst er á mjög óheppilegum árstíma þegar flestir íbúar landsins eru í orlofi. Breytingin sem felst í því að birta niðurstöður á álagningu opinberra gjalda mánuði fyrr eða um mánaðamót maí/júní, mun auðvelda þorra landsmanna að kynna sér niðurstöður álagningarinnar áður en almennur sumarleyfistími hefst. Samtímis þessu er gert ráð fyrir að kærufrestur verði tvöfaldaður með því að lengja frestinn úr 30 dögum í 60. Mun það gera fleirum kleift að meta hvort efni standi til þess að kæra álagninguna. Fyrir starfsmenn ríkisskattstjóra, fjársýslu ríkisins, tollstjóra, endurskoðunarskrifstofa og annarra sem starfa við álagninguna og framtalsgerð, mun þessi breyting á tímamörkum verða heppileg. Ríkisskattstjóri leggur því til að breytingin verði lögfest.

### III.

#### Rafræn framtalsskil og rafræn stjórnsýsla

Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði sú meginregla að skil á skattframtölum og málsmeðferð í skattamálum verði að mestu leyti rafræn. Ríkisskattstjóri telur að umrædd breyting sé eðlileg og sjálfsögð svo unnt sé að halda áfram því brautryðjenda starfi sem unnið hefur verið í þróun á rafrænni stjórnsýslu. Ríkisskattstjóri hefur ásamt fleiri stofnunum fjármálaráðuneytisins náð góðum árangri í þróun rafrænnar stjórnsýslu. Skattskil einstaklinga hafa jafnt og þétt horfið frá því að vera á pappír og yfir í rafænt form þar stór hluti framteljanda fær fullbúið framtal til samþykktar. Hafa framtalsskilin aukist mjög á síðustu ár og á árinu 2015 voru 99,74% skattskila einstaklinga á því ári rafræn. Mikilvægt er að halda áfram að einfalda framtalsskil og stiga skref sem aðrar þjóðir hafa verið að stíga á undanförunum árum þar sem stefnt er að því að opinber stjórnsýsla verði gerð rafræn svo fremi þess sé nokkur kostur. Er nú unnið að undirbúningi nýs framtals þar sem gert er ráð fyrir að allar upplýsingar, þ.m.t. launamiðar verði rafræn. Við þær aðstæður er fyrirbyggjandi frumvarp mikilvægt. Með hugtakinu rafræn málsmeðferð felst að samskipti ríkisskattstjóra við almenning verði með rafrænum hætti, hvort heldur að ákvörðun sé send í tölvupósti eða vísað sé til birtingar hennar á þjónustusíðu móttakanda.

Ríkisskattstjóri bendir á að heppilegt er að breyta 11. gr. frumvarpsins lítillega og gera það skýrara. Er æskilegt að umorða ákvæðið þannig að við það bætist í dæmaskyni tilgreining á þeim ákvæðum tekjuskattslaga þar sem einkum kunni að reyna á að sending rafrænna ákvarðana sé efnislega og formlega bindandi, hvort heldur fyrir sendanda eða móttakanda hennar. Heimilt yrði þannig að kveða á um að samskipti skattaðila við ríkisskattstjóra fari um þjónustusíðu viðkomandi skattaðila eftir því sem við á. Í stað þess að viðskiptavinur skrái texta erindis síns annað hvort í tölvupóst eða til útprintunar og sendingar, þá sé erindinu komið strax á framfæri á þjónustusíðu viðkomandi hjá ríkisskattstjóra og flokkist samkvæmt efni þess í gagnagrunn RSK til afgreiðslu. Með þessum hætti yrði öll málsmeðferð og samskipti margfalt öruggari og jafnframt skilvirkari við afgreiðslu erinda. Má í þessu sambandi benda á að öll málsmeðferð Leiðréttingarinnar var að öllu leyti rafræn frá umsókn til úrlausnar og fóru að verulegu leyti um þjónustusíðu umsækjanda hjá ríkisskattstjóra. Að teknu tilliti til framangreindrar athugasemdar gæti verið heppilegra að bætt væri við þá málsgrein sem lagt er til að lögfest verði í 1. mgr. 90. gr. laganna þannig að á eftir orðunum *eftir því sem við á*, kæmi „þ.m.t. samkvæmt ákvæðum 94.-96. gr. og 98., 99. og 101 gr.“.

### IV.

#### Skipting félags, yfirfærsla einkarekstrar, flutningur á eignum og lögheimili hlutafélags - úr landi


Með frumvarpinu er lagt til að sé félagi skipt úr landi, einstaklingur flyti einkarekstur sinn til félags erlendis, hlutafélag lögheimili sitt eða eignir til annars aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða til Færeyja þá skuli flutningurinn ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir félagið eða eigendur þess. Það skilyrði er sett fyrir flutningi hlutafélags á heimilisfestu sinni að flutningurinn sé heimill samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga. Af þessu tilefni bendir ríkisskattstjóri á að samkvæmt lögum um hlutafélög þá er ekki heimilt að flytja lögheimili hlutafélags til annars ríkis. Að óbreyttum lögum þá mun flutningur sem þessi ávallt hafa skattalegar afleiðingar að minnsta

kosti þar til breytingar hafa verið gerðar á félagaréttarlöggjöfni.

Með frumvarpsákvæðum um skiptingu félags yfir landamæri, yfirfærslu einkarekstrar til erlends einkahlutafélags og flutningi á lögheimili og/eða flutningi eigna er verið að fylgja eftir ábendingum ESA og var fyrsta skrefið að heimila í tekjuskattslögum samruna yfir landamæri. Af því tilefni voru sett ákvæði um brottfararskatt í takt við þróun í skattalöggjöf grannþjóða. Við þær aðstæður að hérlent félag rennur saman við félag erlendis tekur eðli máls samkvæmt hið erlenda félag við skuldbindingum þess félags sem lagt er niður hér á landi, þ.m.t. brottfararskatt. Sama gildir um ábyrgð á brottfararskatti, ef félagalöggjöf heimilar flutning á heimilisfestu hlutafélags til útlanda.

Eðli máls samkvæmt eru aðrar aðstæður uppi verði lögfest heimild til þess að félagi sé skipt upp, einkarekstur yrði fluttur til félags erlendis, eða einstakar eða verulegur hluti eigna hlutafélags yrði fluttur úr landi. Gjalda verður varhug við því að slegið sé af kröfum um tryggingar fyrir greiðslu brottfararskatts, sem yrði að meginreglu ætíð í óskiptri ábyrgð þeirra aðila sem standa að slíkum flutningi fjármuna úr landi. Orðalag lokamálsliðar 8. gr. frumvarpsins kann að þarfnast athugunar, en við þær aðstæður að meiri hluti eða verðmætustu eignir hlutafélags yrðu fluttar úr landi, þá er hugsanlega ekki mikið hald í ábyrgð félagsins og þeim eignum sem eftir kynnu að standa.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þórðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir